

## 122. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn föstudaginn 3.september

### Fundargerð

**Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 15:00**

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Þráinn Lárusson. Sæunn Stefánsdóttir boðaði forföll. Jóhann F. Þórhallsson oddviti Fljótsdalshrepps sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

#### 1. Fundargerðir 121. Fundar stjórnar

*Fundargerðin var lögð fram til samþykktar og verður undirrituð rafrænt.*

#### 2. Fundaáætlun haustsins.

*Framkvæmdastjóri kynnti fundaáætlun haustsins sem var samþykkt af stjórn. Fundað verður á mánudögum í vetur.*

#### 3. Staðfesting á skipun í stjórn Breiðdalsseturs.

*Stjórn Austurbrúar staðfesti tilnefningu sína í stjórn Breiðsdalsseturs ses:  
Aðalmaður: Þorvaldur Þórðarson  
Varamaður: Páll Baldursson*

#### 4. Flugvallarverkefnið.

*Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála og sýndi drög að kynningu fyrir sameiginlegt markaðssvæði Norðurlands og Austurlands. Umræður um eldsneytismál. Framkvæmdastjóra falið að ræða við Sigrúnu um fund með Isavia.*

#### 5. Íslandsstofa.

*Framkvæmdastjóri sagði frá því að stjórn Íslandsstofu væri væntanleg í heimsókn til Austurlands í lok september. Framkvæmdastjóra falið að skipuleggja fund með Íslandsstofu.*

**6. Ráðuneyti menntamála-fjármögnun og staða í fjárlögum 2022**

*Framkvæmdastjóri sagði frá fyrirhuguðum fundi með Menntamálaráðuneyti.*

**7. Önnur mál.**

*Framkvæmdastjóri sagði frá stöðu mála. Sagði hún haustið fara vel af stað og fjölmörg verkefni vera í vinnslu. Verið er að auglýsa tvær stöður hjá Austurbrú og hefst úrvinnsla umsókna í næstu viku.*

*Ekki fleiri mál, fundi slitið kl 16:00.*